

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnanda eru teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 572.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Rúna Guðmundsdóttir kaupmaður og Jóhann J. Ólafsson kaupmaður.

Dómsorð:

Stefndu, Valdimar Jóhannesson og Fanný Jónmundsdóttir, greiði stefnanda, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Kig-Ind A/S danskar kr. 38.178.70 með 13% ársvöxtum frá 1. júní 1976 til 21. nóv. 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 572.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30. nóvember 1982.

Nr. 66/1979. **Hreppsnefnd Hraunhrepps f. h. hreppsins**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps f. h. hreppsins

(Sigurður Ólason hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. mars 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. mars s. á. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þessar dómkröfur:

„Að staðfest verði með dómi Hæstaréttar, að hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps séu þannig: Frá suðurhorni Hvolafjalls (þar fyrir norðan og austur um liggja afréttarlönd Dalamanna) um Geirhnúk, suðvestur eins og vötnum hallar að Snjóðölum og Vatnshlíð, austan við Rögnamúla, og eins og vötnum hallar að Klifsdal og þaðan um norðurbrúnir Klifsands í Hítará. Þaðan ræður áin merkjum til sjávar.“

Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 14. október 1980.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara að „staðfest verði, að hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps séu úr ósi Hítarár úr Hítarvatni, langs upp úr í punkt í fjöruborði, fast norðanvert við bæjarhól Tjaldbrekku, og þaðan skemmstu leið í Þröskuldardalsá. Þaðan svo sem á þessi rennur, þar til í hana fellur gil úr Svínjúg, sem gömul umferðarleið liggur meðfram, fylgi þá merkin gili þessu upp til vatnaskila.“

Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en stefndi fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 14. október 1980.

Í máli þessu er ekki deilt um landamerki, heldur stjórn-sýsluleg umdæmismörk milli hreppa þeirra, sem eru aðiljar máls þessa. Þann ágreining bar ekki undir landamerkjadóm samkvæmt lögum nr. 41/1919. Ber þegar af þessari ástæðu að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðs-dómi.

Það athugast, að gagnaöflun í máli þessu er ekki svo ræki-leg sem skyldi.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar með talin málf lutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, samtals 12.000.00

krónur, og málflytningslaun skipaðs talsmanns stefnda, samtals 12.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmans, samtals 12.000.00 krónur, og málflytningslaun skipaðs talsmanns stefnda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, samtals 12.000.00 krónur.

Landamerkjadómur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 26. júní 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 19. maí 1978, er höfðað með skjali til sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, dags. 20. maí 1975, þar sem hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps, Hnappadalssýslu, fer þess á leit með vísan til 8. gr. landamerkjalaga nr. 41/1919, að sýslumaðurinn kveðji hreppsnefnd eða hreppsnefndaroddvita Hraunhrepps á dómþing, er haldið sé á þingstað réttum í Kolbeinsstaðahreppi, til þess að skera úr um hreppamörk milli Kolbeinsstaða- og Hraunhrepps.

Mál þetta var þingfest að Lindartungu, Kolbeinsstaðahreppi, hinn 27. maí 1975.

Dómkröfur Kolbeinsstaðahrepps eru þær, að staðfest verði með dómi réttarins, að hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps verði sem hér segir:

„Frá ósi (upptökum) Hítarár úr Hítarvatni eftir miðlínu vatnsins („miðjum ál“ milli bakka), í ós ár þeirrar, („Pröskuldardalsár“), sem fellur í vatnið sunnan eða austan við Tjaldbrekku, og því næst eftir dalbotninum, svo sem á þessi rennur, þar til í hana fellur gil úr vestanverðum Svínbjúg, sem gömul umferðaleið vestur í Hörðudal liggur meðfram, (Hítardalsheiði til forna), fylgja þá merkin gili þessu upp á vatnaskil á Bjúgnum, þar til þau koma að löndum eða afréttum Hörðdæla.“

Þá krefst Kolbeinsstaðahreppur þess, að Hraunhreppur verði

dæmdur til þess að greiða sér hæfilegan málskostnað að mati dómsins, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagðan kostnað að fjárhæð kr. 247.840.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, dags. 3. maí 1978, þar sem því er lýst yfir, að kröfur Kolbeinsstaðahrepps gegn Hraunhreppi séu samþykktar. Hreppsnefnd Hörðudalshrepps, Dalasýslu, hefur verið tilkynnt um mál þetta, og hefur hún lýst því yfir, að hún vilji ekki taka þátt í landamerkjadeilu þessari, sbr. skeytið á rskj. nr. 46.

Kröfur varnaraðilja, Hraunhrepps í Mýrasýslu, eru þessar:

„Að staðfest verði með dómi réttarins, að hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps verði sem hér segir: Frá suðurhorni Hvolafjalls (þar fyrir norðan og austur um liggja af-réttarlönd Dalamanna) um Geirhnúk suðvestur eins og vötnum hallar að Snjóðölum og Vatnshlíð, austan við Rögnamúla og eins og vötnum hallar að Klifsdal og þaðan um norðausturbrúnir Klif-sands í Hítará. Þaðan ræður áin merkjum til sjávar.“

Þá hefur Hraunhreppur krafist málskostnaðar úr hendi máls-hefjanda, Kolbeinsstaðahrepps, samtals að fjárhæð kr. 1.385.620, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en dómsmálaráðherra hefur með bréfum, útgefnum 25. apríl 1978, veitt báðum máls-aðiljum gjafsókn og gjafvörn.

Lögmaður varnaraðilja, Hraunhrepps, hefur einnig gætt réttar Mýrasýslu í máli þessu.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú við-leitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Árið 1972 lagði Kolbeinsstaðahreppur fasteignaskatt á svo-nefnda Vatnshlíð í Hítardal, að upphæð 480 kr., en Vatnshlíð er eign Hraunhrepps. Næsta ár var lagður jafnhár fasteignaskattur á eign þessa og að auki 45.000 kr. á hált Hítarvatn, sem einnig er eign Hraunhrepps (dskj. 27). Hraunhreppur galt ekki fasteignaskatt þenna, og leitaði Kolbeinsstaðahreppur þá til fógeta-réttar Mýrasýslu með bréfi, dagsettu í nóvember 1973. Hraun-hreppur hafði uppi þá vörn í málinu, að landsvæði það, sem Kolbeinsstaðahreppur lagði fasteignaskattinn á, væri innan tak-marka Hraunhrepps, en ekki Kolbeinsstaðahrepps. Kolbeinsstaða-hreppur höfðaði þá mál til ákvörðunar hreppamarka, og er máls-höfðuarbeiðnin dagsett 20. maí 1975 (dskj. 1). Hér er um að ræða landsvæði, sem liggur sunnan og vestan línu, sem liggur um gil, er fellur í Þröskuldardalsá úr vestanverðum Svínbjúg

Þröskuldardalsá til ósa og miðál Hítarvatns að upptökum Hítarár og vestur að austurlandamerkjum jarða í Hnappadal. Svæði þetta var eign Hítardalsstaðar á fyrri öldum, en komst síðar undir forræði ríkisins eins og aðrar kirkjueignir af þessu tagi í landinu. Ríkið seldi Hraunhreppi landsvæði þetta án þess að tiltaka takmörk þess árið 1919, og er afsalið dagsett hinn 27. júní það ár (dskj. 25). Allöngu síðar leysti Hraunhreppur til sín varp í hólum í Hítarvatni og veiðiréttindi í vatninu og ám þeim, sem renna úr vatninu og í það, og er afsal þetta dagsett 23. júlí 1953 (dskj. 38). Fyrrgreint landsvæði hagnýtti Hraunhreppur sem afréttarland. Um 1967 var girt á mörkum afréttarlands þessa og landamerkjum jarða í Hnappadal eða því sem næst. Á fundi, sem matsnefnd um skiptingu girðingarkostnaðar, skipuð skv. 6. gr. laga nr. 10 frá 1965, hélt með hreppsnefndum beggja fyrrnefndra hreppa að Lindartungu hinn 5. október 1967, vakti formaður nefndarinnar athygli fundarmanna á því, að óvíst væri, hvort girðingin lægi á skráðum sýslumörkum. Mál þetta var rætt á fundinum, en fundarmenn virðast hafa ákveðið að láta það ekki hindra framkvæmdir, enda undirrituðu þeir samkomulag um skiptingu kostnaðar (dskj. 19).

Af framanskraðu er ljóst, að málið varðar bæði sýslu- og hreppamörk, enda er Hraunhreppur hluti Mýrasýslu og Kolbeinsstaðahreppur hluti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Með Jónsbók var landinu skipt í 12 þing (Þingfararbálgur, 2. kap.), og samsvara þau a. m. k. í megindrátum vorþinghám þjóðveldisaldar. Síðar var sumum þessara þinga skipt niður í smærri umdæmi — sýslur — og mörk þeirra miðuð við ákveðin landfræðileg kennileiti. Hinn 26. júní 1459 var svæðið milli Hítarár og Skraumu með vissu orðið sérstök sýsla (D. I., V., bls. 182) og svæðið milli Hvítár og Hítarár með vissu hinn 20. janúar 1496 (D. I., VII., bls. 289). Svæði þessi samsvara núverandi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Mýrasýslu. Sú breyting var gerð á sýsluskipun á þessu svæði, að Hnappadalssýsla, sem þá var sérstök sýsla, var sameinuð Mýrasýslu með konungsúrskurði, dagsettum 9. ágúst 1786 (Lovsamling, V., bls. 299—300). Þessari skipan var síðan breytt með bréfi dómsmálastjórnar, dagsettu 4. mars 1871, og Hnappadalssýsla tekin undan Mýrasýslu og lögð til Snæfellsnessýslu (Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., bls. 153—154).

Mörk sýslumannsumdæma (sýslna), sem mynduðust við skiptingu þinga, voru ekki bundin hreppamörkum að lögum. Þetta

gat valdið misræmi. Sem dæmi um slíkt misræmi má benda á, að Botnsbæirnir í Hvalfirði gerðu a. m. k. á árunum 1706—1811 hreppaskil í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu, en gegndu lögskilum öðrum með íbúum Hvalfjarðarstrandarhrepps í Borgarfjarðarsýslu. Þessu var breytt með rentukammersbréfi, dagsettu 1. júní 1811 (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, IV., bls. 3 og 8; Lovsamling, VII., bls. 395). Þetta sýnir, að bæir þessir töldust til Borgarfjarðarsýslu á framangreindu tímabili, þótt hreppur sá, sem þeir töldust til, væri að meginhluta í annarri sýslu. Tekið skal fram, að Jarðabók Á. M. og P. V. er elsta heimild, sem unnt er að draga af ályktanir um hreppamörk um meginhluta landsins.

Hreppar eru eldri stofnanir en sýslur. Í þjóðveldislögum (Grg., I. b., bls. 171) er kveðið á um, að „sva scolo hreppar séttir at hverr bóanda scal sitia et næsta avðrom scolo sva hreppar allir settir sem nu ero.“ Með ákvæði þessu eru hreppamörk lögbundin, og hafa þau vafalaust ákvarðast af landamerkjum þeirra jarða í hreppnum, sem lágu að öðrum hreppum. Jónsbók geymir og eftirfarandi ákvæði: „Löghreppar skulu vera sem at fornu hafa verit“ (Kvennagiftingar, 31. kap. (Framfærslubálkur, 9. kap.)). Samkvæmt þessu ákvæði Jónsbókar var óheimilt að breyta hreppamörkum nema með lagasetningu, en Grágás heimilaði slíkt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum með ákvæði, sem ekki verður rakið hér, enda snertir það ekki viðfangsefni dómsins. Tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 (Tíðindi um stjórnarmálefni, III., bls. 402) heimilar landshöfðingja að breyta hreppaskipan, að fengnu samþykki viðkomandi hreppsnefnda og álitserð sýslunefndar, en hún geymir ekki önnur ákvæði um hreppa- eða sýslumörk. Með sveitarstjórnarlögum frá 10. nóvember 1905 virðist aftur á móti sú hreppa- og sýslnaskipun ásamt mörkum þessara umdæma, sem talin var rétt við gildistöku laganna, hafa verið lögleidd, og það burtséð frá því, hvort skipan þessi hefði áður verið staðfest með lagasetningu eða stjórnvaldsákvörðun eða ekki, en þar stendur orðrétt (1. gr.): „Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.“

Samkvæmt framanskráðu takmarkaðist Mýrasýsla þegar á 15. öld að vestan af Hítará, en engar heimildir frá þeirri öld eða þeim næstu greina frá sýslumörkum ofan upptaka hennar. Árið 1709 gerðu þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín Jarðabók fyrir Kolbeinsstaðahrepp í Hnappadalssýslu (dskj. 2), og er sá hluti

hennar, sem varðar þetta mál, dagsettur 21.—22. júní. Þar eru eyðibólin Bjúgskot og Gínandi í innanverðum Hítardal talin til Hnappadalssýslu, en í Jarðabók sömu höfunda fyrir Hraunhrepp (dskj. 20), sem dagsett er að því er Hítardal varðar hinn 27. júní s. á., er Hítardalsstaður ásamt eyðibólunum Hraunkoti og Hólmi talinn til Mýrasýslu. Bjúgskot og Gínandi eru einnig talin til Hnappadalssýsu í Jarðabók Skúa Magnússonar frá árunum 1760—1769 (dskj. 10) og Jarðabók þeirri frá árunum 1800—1806, sem ýmist er kennd við Jarðamatsnefndina eða L. Erichsen (dskj. 9, 12—13), en hin fyrrnefnda a. m. k. kann að byggja á Jarðabók Árna og Páls um þetta atriði sem fleiri (varðandi tengsl Jarðabókar Árna og Páls og Jarðabókar Skúla má vísa á ritgerð Magnúsar H. Lárussonar, á Höfuðbólum landsins, Saga 1971, bls. 40—90 (einkum bls. 83—84)). Mörk Hnappadals- og Mýrasýslu eru enn fremur dregin um Hítarvatn og að því er virðist Þröskuldardalsá á korti Björns Gunnlaugssonar (dskj. 17), og þau eru með vissu dregin um mitt Hítarvatn og Þröskuldardalsá á korti Herforingjaráðsins frá 1910 (dskj. 24). Á uppdrætti Herforingjaráðsins frá 1910 (dskj. 24) eru umdæmamörk — hreppamörk eða sýslumörk eða hvort tveggja — dregin um mitt Hítarvatn og Þröskuldardalsá, og þar eru sýslumörk dregin á uppdrætti frá 1957 (dskj. 11). Hreppamörk eru ekki dregin á þessu svæði. Annars hafa umdæmamörk verið á reiki á kortum af þessu svæði á 20. öld.

Ágúst Böðvarsson, fyrrverandi starfsmaður Geodætisk Institut og forstöðumaður Landmælinga ríkisins, gaf þá skýringu fyrir dóminum hinn 17. mars 1978, að hann hefði, er endurskoðunarstarf hófst, fært athugasemdalaust inn eignamörk í stað hreppamarka. Þetta hafi verið leiðrétt síðar og að því er mörk í Hítardal varði af sýslunefnd Borgarfjarðar (svo) að sig minni. Ágúst bar og, að dönsku landmælingamennirnir hefðu dregið hreppamörk skv. upplýsingum frá bændum, eftir að hann kom til starfa, og sami háttur hafi verið á hafður, er Vegamálaskrifstofan tók kortin til endurskoðunar.

Á 18. öld féllu hreppamörk og sýslumörk ekki saman í Hítardal. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín fyrir Hraunhrepp (dskj. 20) er tekið fram, að hreppamannaflutningur frá Helgastöðum sé langur og torsóttur yfir hraun, Kjarná og Hítará að Moldbrekku, sem er í Kolbeinsstaðahreppi (bls. 456—457). Síðar í sömu heimild (bls. 461) kemur fram, að Staðarhraun og Múlasel voru efstu býlin, sem töldust til Hraunhrepps, enda

lágu Helgastaðir og Hítardalur til Kaldárbakkapings (Kolbeinstaðahrepps) varðandi tíund og hreppstjórn, þótt íbúar þessara býla svöruðu konungsþegnskyldu og sæktu dómþing að Lækjarbugi í Hraunhreppi.

Nokkrar heimildir snerta þetta viðfangsefni. Í sóknarlýsingu Hítarnesprestakalls, sem sr. Vernharður Þorkelsson samdi fyrir Hið íslenska bókmenntafélag og dagsett er í febrúar 1841, eru austurmörk sóknarinnar sögð vera þessi: „Úr Svörtubrún í Geirshnjúk að Þröskuldardal. Úr honum eftir Vatnshlíð (og skilur hún að austanverðu millum Hnappdæla og Hítæla) suður til Hrutaborgar. Þaðan ræður Kaldá frá upptökum til Dammagötu“ (Sýslu- og sóknarlýsingar, bls. 27. Snæfellsnes III.). Hér er greint frá sóknamörkum.

Árið 1840 hóf Sigurður Jónsson búskap í innanverðum Hítardal, innan Hítarvatns og nefndi býli sitt Tjaldbrekku. Tjaldbrekka er á svipuðum slóðum og Bjúgskot, sem nefnt er í Jarðabók Árna og Páls. Tjaldbrekka hélst í byggð til ársins 1891 að einu ári undanskildu (1889—1890), og tvíbýli var þar á árunum 1869—1872 (dskj. 35, sbr. og Guðlaugur Jónsson: Bóndinn í heiðinni, bls. 66—91). Hinn 3. maí 1872 gerði hreppstjóri Hraunhrepps úttekt á búi í Tjaldabrekku (dskj. 29), og síðar sama ár, eða hinn 23. október, var samin skrá yfir tíundargreiðslur í Hraunhreppi (dskj. 37). Þar kemur í ljós, að ábúandi Tjaldbrekku hefur greitt 8 fiska í tíund og 2 fiska í aukaútsvar til Hraunhrepps. Bæði eru skjöl þessi því dagsett eftir aðskilnað Hnappadals- og Mýrasýslu, 1871. Tíund greiddi Tjaldbrekkubóndi aðeins af lausafé, og bendir það til, að Tjaldbrekka hafi verið talin vera hjáleiga frá Hítardal, enda var leiguliða heimilað að draga tíund frá landskuld með tilskipun frá 10. apríl 1619 (Lovsamling, I., bls. 183—184), og í reglugerð fyrir jarðamatsmenn, dagsettri 1. september 1848, er þeim boðið að meta þær byggðar hjáleigur með heimajörð, sem ekki hafi sérstök landamerki (Lovsamling, XIV., bls. 175—176). Hjáleigum fylgdi afmarkað tún og stundum engjar, en beitiland var sameiginlegt með viðkomandi lögbýli. Tvíbýli var a. m. k. sjaldgæft á hjáleigum. Tvíbýli var að Tjaldbrekku 1869—1872, en þá var hið forna skipulag mjög tekið að riðlast. Sigurður Jónsson, bóndi á Tjaldbrekku, var sáttanefndarmaður í Hraunhreppi (Guðlaugur Jónsson op. cit, bls. 71, eftirmæli um Sigurð eftir Th. E. Hjálmarsen). Heimildir þessar sýna, að Tjaldbrekka hefur verið talin til Hraunhrepps, meðan jörðin var í byggð, en bærinn stóð vestan Þrösk-

uldardalsár. Hreppamörk hafa því verið talin önnur á svæðinu á 19. öld en á öndverðri 18. öld, en ekki verður séð, að hin nýju mörk hafi verið lögleidd, sem þó var skylt. Tjaldbrekka var í byggð, er sr. Vernharður samdi sóknarlýsingu sína, og kann vitneskja um það að vera orsök þess, að hann telur sóknamörkin liggja um Vatnshlíð. Heimildir greina frá því, að íbúar Kolbeinsstaðahrepps hafi gengið Vatnshlíð „líklega allt fram undir 1870“ (dskj. 18, bls. 37). Þetta kynni þó fremur að vera bend-ing um göngu fjár en hreppamörk.

Hreppamörk voru bundin með lögum ásamt sýslumörkum árið 1905, en hvorki var mörkum umdæma af þessu tagi lýst né þau rakin. Vitnisburður landabréfa frá 20. öld um umdæma-mörk — hreppa — og sýslumörk — í innanverðum Hítardal hef-ur þegar verið rakinn. Til viðbótar skal þess getið, að Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður segir sýslumörk Hnappadals- og Mýra-sýslu liggja „frá Tröllakirkju til Hítarvatns“ í lýsingu sinni á Mýrasýslu (Árbók Ferðafélags Íslands 1953, bls. 9), en ekki er ljóst, hvort sú heimild er sjálfstæð eða höfundur hennar hafi stuðst við landabréf varðandi þetta atriði.

Málsástæður Kolbeinsstaðahrepps.

Sóknaraðili bendir á, að ákvæði fornlaga um hreppa og hreppa-skipan sé í fábreytilegasta lagi. Í Landnámu, fornsögum eða Sturlungusafni séu þeir varla nefndir, enda þótt öruggt sé, að hreppaskipan hafi þá verið á komin um allt land, jafnvel áður en allsherjarríki var stofnað. Um hreppaskipanina sjálfa segi svo í Grágás, að hreppar skuli „svo allir settir, sem nú eru“. Samkvæmt Kvennagiptingarkafli Jónsbókar skuli „Löghreppar vera sem at fornu hafi verit“. Með ákvæðum þessum ásamt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunar 1872 sé sönnunarskyldan fyrir hugsan-legum síðari breytingum hreppamarka að öllu leyti lögð á þá, sem haldi slíku fram.

Um niðurskipun býla í hreppa og um hreppamörk sé líklegast, að hin náttúrulega (eðlilega) aðstaða hafi þar mestu um ráðið, og sé Hítardalurinn (Hítardalsbotn) hér gott dæmi. Grágás hafi og þá mikilsverðu reglu að geyma, að „hverr bóndi skuli sitja it næsta öðrum“, þ. e. býli skuli teljast þar í hrepp, sem skemmst sé til næsta bæjar. Samkvæmt því hafi býlin í Hítardalsbotnum átt eðlilegri samleið með Kolbeinsstaðahreppi, þar sem þangað hafi verið skemmra að sækja og stórum torfæruminna og greið-færara heldur en suður yfir til Hraunhreppinga.

Er gera eigi sér grein fyrir hreppa- og sýslumörkum til forna á þeim svæðum, sem hér skipta máli, sé á tveim höfuðheimildum að byggja, fyrst Sturlungu (ásamt Landnámu, Biskupasögum og Hungurvöku) og síðan Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1709. Fyrri heimildin sýni, hvernig hin fornu sýslumörk hafi orðið til, en hin síðari, hvernig þau mörk hafi verið virt og haldin gegnum aldirnar.

Lögmaður sóknaraðilja rekur það síðar í löngu og ítarlegu máli, hvernig háttað hafi verið landnámi Hítðæla, og vitnar þar til Landnámu. Hér hafi verið um snæfellskt landnám að ræða án nokkurra teljandi tengsla suður fyrir Hítará. Síðan fjallar lögmaðurinn ítarlega um tengsl Hítardals og Kolbeinsstaða í gegnum aldirnar, sögu staðanna og um ættir og mágsemdir þeirra manna, er þar bjuggu. Of langt er að rekja þá frásögn í þessum dómi.

Þá vitnar lögmaður sóknaraðilja næst til höfuðheimildarrita í þessu máli, þ. e. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709. Jarðabókin fyrir Kolbeinsstaðahrepp er gerð og saman tekin af lögmanninum Páli Vídalín ásamt með Þorsteini Sigurðssyni, síðar sýslumanni. Hún er dagsett á Staðarhrauni og Hítardal 21.—26. júní 1709, meðundirrituð af tveim Kolhreppingum, að „almúganum samankölluðum“ um „sérhvorja jörð“. Jarðabókin fyrir Hraunhrepp sé gerð í sama mánuði og undirrituð í mörgu lagi.

Samkvæmt jarðabókinni tilheyrðu eyðibýlin í Hítardalsbotnum, Bjúgskot og Gíanandi, bæði Kolbeinsstaðahreppi, en í jarðabókinni segir enn fremur um býli þessi, að „landið eigi og brúki beneficium Hítardalur“.

Þá taki jarðabókin (Tertium Nota) endanlega af skarið um það, að allt hið forna landnám Hítðæla hafi verið talið til Kolbeinsstaðahrepps. Þar segi, að Hítardalsjörð og staður teljist til Hnappadalssýslu (þ. e. Kolbeinsstaðahrepps) að því er snerti sveitarskil, tíundargerð og hreppstjórn. Hins vegar segi, að í réttargangsmálum (þ. e. varnarþing, stefnufarir, þinghá etc.) skuli Hítardalsmenn eiga þingsóknir til Lækjarbugspings í Hraunhreppi. Þetta breyti auðvitað engu um sjálft „hreppsfang“ jarðarinnar, enda algengt, að þinghár og varnarþing fari ekki eftir hreppamörkum, t.d. hafi Hraunhreppur og Álftanehreppur verið gerð ein þingsókn snemma á sl. öld, rentuk.br. 26. apríl 1833.

Enn fremur vitnar sóknaraðili til tveggja jarðabóka, Skúla

Magnússonar fógeta frá árinu 1760—1769 og Ludv. Erichsen frá 1804—1806. Í báðum þessum heimildum, sbr. dskj. 9, 12 og 13, sé getið eyðibýlanna, Gínanda og Bjúgskots, og að þau tilheyri Kolbeinsstaðahreppi, Hnappadalssýslu. Allar séu þessar þrjár jarðabækur opinber gögn og hafi upplýsinga- og sönnunargildi sem slík.

Þetta, sem nú hefur verið rakið, telur sóknaraðili sanna, að hreppamörkin hafi frá upphafi og allt fram á síðustu öld legið eftir miðju Hítarvatni og dalbotni Hítarvatnsdals. Liggi þá næst fyrir að athuga, hvort breyting eða tilfærsla hreppamarka geti hafa átt sér stað eftir 1806 og þá hvenær, hvernig og loks, hvar sú hreppalína ætti þá að liggja. Sóknaraðili heldur því fram, að öll sönnunarbyrði fyrir slíkum breytingum hvíli óskorað á varnaraðilja, Hraunhreppi. Í Jónsbók segi m. a.: „Löghreppar skulu vera sem at fornu hafa verit.“ Engin frávik eða breytingar komi til greina, nema hlotið hafi staðfestingu rétttra yfirvalda, Cansellís, landshöfðingja eða félagsmálaráðuneytisins. Engar slíkar breytingar hafi komið til af hálfu stjórnvalda. Vitnar sóknaraðili í bréf félagsmálaráðuneytisins á dskj. nr. 40 frá 7. apríl 1978 þessu til stuðnings. Þar segir, að félagsmálaráðuneytið hafi ekki breytt hreppamörkum milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps, enda yrði það ekki gert nema með lögum, sbr. 3. gr. laga nr. 58/1961 og 2. gr. laga nr. 12/1927.

Þá heldur sóknaraðili því fram, að hið sama verði einnig uppi á teningnum, ef athuguð sé kortagerð af landinu, meira og minna af opinberri hálfu, og sem því verði að skoða sem opinber sönnunargögn.

Fyrstu landmælingar hérlendis, þeirra Magnúsar Arasonar og kapt. Knoph, séu reyndar frá fyrri tíð (1734) heldur en hér skipti máli og muni áreiðanlega ekki ná til þeirra landsvæða, sem hér sé um að tefla. Hins vegar séu mælingar og uppdrættir Björns Gunnlaugssonar, er hann hafi gert um eða fyrir miðja síðustu öld, afar mikilvægir. Þessir uppdrættir sýni hreppa- og sýslumörkin um Hítarvatn og upp úr dalbotninum. Samviskusemi og vandvirkni Björns Gunnlaugssonar hafi verið alþekkt. Hann hafi þar á meðal gert sér sérstakt far um, að hreppamörk væru rétt tilfærð. Í Landfræðisögu Þorvalds Thoroddsen (III. bindi, bls. 316) segi, að Björn Gunnlaugsson hafi sérstaklega „rannsakað sókna- og hreppamót“. Í III. bindi Landfræðisögunnar, bls. 319, segi Thoroddsen, að Björn Gunnlaugsson hafi mælt og rannsakað suð-vestur landið „lang nákvæmast“. „Til þess að

fá yfirlit um . . . hreppaskil . . . lét Bj. G. hreppstjóra og aðra kunnuga menn gjöra uppdrætti af sveitum þeirra, og lagfærði svo uppdrætti þessa . . .“, og hafði til hliðsjónar við gerð aðaluppdráttarins.

Um uppdráttargerð Björns Gunnlaugssonar segi Þorvaldur Thoroddsen síðan, að þeir séu „furðulega góðir, gerðir af hinni mestu vandvirkni, og svo nákvæmlega, sem framast var unnt“. Vekur sóknaraðili sérstaklega athygli á því, að sýslumörkin hafi verið yfirfarin og uppdrátturinn gefinn út allöngu eftir að ný-býli var byggt við Tjaldbrekku í Hítardalsbotnum.

Árin fyrir 1875 hafi Kr. Kaalund verið hér á ferð, og þ. á m. á Mýrum. Hafi Kaalund gist í Hítardal og skoðað dalinn, sbr. Landfræðisögu Þorvalds Thoroddsen, IV. bindi, bls. 92. Kaalund taki hreppamerki Björns Gunnlaugssonar upp í bók sína: „Historisk topisk beskrivelse af Island, 1875“, og telur lögmaður sóknaraðilja, að hann hafi vafalaust borið sig saman við kunnuga menn í hreppnum. Hið sama geri Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrverandi sýslumaður í Dalasýslu, í Árbók Ferðafélags Íslands 1953, er hann taki upp kort Björns Gunnlaugssonar og láti þess getið sérstaklega, að vesturmörk Mýrasýslu séu um Hítarvatn.

Þá vitnar sóknaraðili til þess, að á uppdrætti þeim, sem fylgt hafi Ferðabók Eggerts Ólafssonar 1772, hafi framangreindri hreppalínu verið fylgt upp úr Hítardalsbotninum.

Næst vikur sóknaraðili að uppdrætti Herforingjaráðsins, sbr. dskj. nr. 11. Uppdrættir þessir hafi upphaflega verið gerðir 1911 og hreppamörkin þá verið dregin eftir miðju Hítarvatni og um dalbotninn upp á Bjúg. Um merkjasetningu þessa hafi að sjálf-sögðu verið farið eftir tilsögn kunnugustu manna, svo sem hreppstjóra, sem venjulegast hafi verið. Hraunhreppingar virðist aldrei hafa haft neitt við þessi hreppamörk að athuga. Ef svo hefði verið, hefðu þeir getað komið „leiðréttingum“ á framfæri, þegar kortin voru endurskoðuð 1953. Víkur lögmaður stefnanda í þessu sambandi að framburði Ágústs Böðvarssonar hér fyrir dóm-inum, en hann var forstöðumaður Landmælinga Íslands á þessum tíma. Það komi fram á hinum endurskoðaða uppdrætti 1953, að sums staðar hafi hreppamörkum verið breytt frá því, sem var á kortinu frá 1911. Sérstaklega sé það eftirtektarvert, að hreppalínurnar austur frá Bjúgnum séu auðkenndar á kortinu: „Óviss mörk“. Þetta sýni, að endurskoðunin hafi sérstaklega beinst að slíkum merkjasetningum milli byggðarlaga. Enn fremur vitnar sóknaraðili til korts, sem „War Office“ gaf út árið 1940 eftir

dönsku korti frá 1933. Samkvæmt þessu korti eru hreppamótin sömu og á kortinu frá 1911.

Hreppsnefnd Hraunhrepps hafi aldrei hreyft athugasemdum né reynt að koma fram „leiðréttingum“ á hreppamarkalínunni eins og hún sé dregin á þessum uppdráttum, enda hefði þá Landmælingastofnun Íslands látið þess getið, að mörkin væru umdeild eða óviss. Þetta verði ekki skilið á annan veg en að hreppsnefnd Hraunhrepps viðurkenni í raun og veru, að hreppslínan milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps sé rétt mörkuð á uppdrættinum. Og þar sem kort Landmælingastofnunarinnar séu (autoriseruð) opinber gögn, hljóti þau að hafa sönnunargildi sem slík, nema annað sé beinlínis sannað í einhverju einstöku tilfalli. Athugasemdir og rengingar hreppsnefndar Hraunhrepps nú, eftir 20—60 ár, séu auk þess allt of seint fram komnar, til þess að mark sé á þeim takandi.

Enn fremur vitnar sóknaraðili til uppdráttar, sem félagsmálaráðuneytið hafi látið gera, sbr. dskj. nr. 16, er sýni hreppa- og sýslumörk á öllu landinu 1967. Þar sé merkjalína Kolbeinsstaða- og Hraunhrepps mörkuð eftir Hítarvatni og upp úr. Uppdráttur þessi sé þó fremur ónákvæmur sakir mælikvarðans (1:1.000.000).

Lögmaður sóknaraðilja bendir á það, að árið 1787 hafi Kolbeinsstaðahreppur verið sameinaður Mýrasýslu, en skilinn frá henni aftur árið 1871. Kvaðst lögmaðurinn hafa gert víðtæka skjalaleit og gagnasöfnun í Þjóðskjalasafni, Handritasafni Landsbókasafns, Lovsamling for Island og forordningum og bréfasöfnum fyrri tíma, hvort orðið hafi einhver breyting á mörkum hreppanna við þetta, en sú leit hafi engan árangur borið.

Lögmaður sóknaraðilja vitnar til sýslu- og sóknarlýsinga Snæfellsness (Snæf. III), útg. 1970. Þar skrifi sr. Vernharður Þorkelsson, prestur til Hítarnesþings 1837—1852, ítarlega lýsingu Kolbeinsstaðasóknar. Í lýsingu hans segi m. a.: „ . . . Vatnshlíð, (og skilur hún að austanverðu milli Hnappdæla og Hítæla)“. Þar segi enn fremur, „ . . . Þröskuldardal, þar eru sókna- og sýsluskil milli Dala og Kolbeinsstaða.“ Þessar upplýsingar komi algerlega heim við það, sem haldið er fram af hálfu sóknaraðilja, og veiti einnig mikilsverða sönnun í þessu máli ásamt framangreindum gögnum.

Varðandi byggingu nýbýlisins Tjaldbrekku í Hítardalsbotnum, árin 1840—1891, bendir sóknaraðili á, að fyrsti ábúandi jarðarinnar hafi verið Sigurður Jónsson, maður úr Hörðudal, tengda-

faðir prófastsins sr. Þorsteins Hjálmarsens í Hítardal. Býli þetta hafi nú verið í eyði í 86—87 ár og engar líkur séu til, að það byggist á nýjan leik. Nýbýlingurinn hafi að öllum líkindum byggt þarna í skjóli tengdasonar síns, sr. Hjálmarsens. Landskuldir hafi þeir Tjaldbrekkubændur engar greitt, enda megi ætla, að um fjallabýli þetta hafi yfirleitt verið farið eftir tilskipun 15. apríl 1776, nýbýlatilskipuninni. En vegna þess, að býlið hafi verið byggt í Hítardalskirkjulandi (en þó ekki Hítardalsjarðar) svo og vegna nafntengsla og loks persónulegra tengsla, eins og fyrr getur, virðist Hítardalsprestur og ef til vill fleiri Hraunhreppingar hafa farið að líta svo á, að býlið væri þar með í sama hreppi og Hítardalur, enda þótt ekki reyndi neitt á það né heldur væri gerð gangskör að því að fá það staðfest með cansellíbréfi eða síðar landshöfðingjabréfi. Ekkert muni hafa verið lagt af hreppsfé til Tjaldbrekkubænda, þannig að ekki liggja fyrir eða hafi á það reynt, hvort þeir teldust sveitlægir í Hraunhreppi. Á hinn bóginn muni heldur ekki hafa verið um opinberar álögur að ræða (nema ef til vill kirkjutíund). Sáttastarf Sigurðar Jónssonar, frumbyggja Tjaldbrekku, hafi heldur ekki verið búsetubundið og geri hér hvorki til né frá (prófasturinn hafi sett tengdaföður sinn í þetta) (tilskipun 10/7 1795, 54. gr.). Annars hafi Tjaldbrekkubændur vafalaust haft miklu meiri samskipti við Kolhreppinga heldur en Hraunhreppinga, enda skemmst til bæja þangað og greiðfærast.

Varðandi afsalið frá 27. júní 1919, er landsjóður afsalar hreppsnefnd Hraunhrepps afréttarlandinu, fjalllendi Hítardals, sem hreppurinn hafði haft á leigu, „til afnota sem afréttarland með öllum gögnum og gæðum“, þá heldur sóknaraðili því fram, að þetta afsal muni engin áhrif hafa á hreppamörk á þessu svæði og ekki sé tekin nein afstaða eða ábyrgð á landamerkjum þessa afréttarlands í afsalinu.

Að endingu er til þess vitnað af hálfu sóknaraðilja, að hinn 5. október 1967 hafi komið saman til fundar að Lindartungu í Kolbeinsstaðahreppi matsnefnd um skiptingu kostnaðar af girðingu „á mörkum landeigenda í Kolbeinsstaðahreppi og afréttarlands Hraunhrepps“. Nefndin hafi verið tilnefnd af Búnaðarfélagi Ísland og sýslumönnum Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Fundinn hafi enn fremur setið oddvitar beggja hreppanna, Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps. Á fundinum hafi formaður matsnefndarinnar vakið athygli á því, að umrædd girðing (vestan Vatnshlíðar milli hennar

og Hróbjargarstaða), „mundi ekki liggja á skráðum sýslumörkum.“ Við þessu hafi engum andmælum verið hreyft af hálfu Hraunhreppinga, sem þvert á móti samþykktu, að um „fjallskilamörk“ væri að ræða. Í þessu hafi falist mikilsverð viðurkenning af hendi Hraunhreppinga, sú að Vatnshlíðin væri þannig vestan hreppamarka Hraunhrepps og þess vegna innan vébanda Kolbeinsstaðahrepps. En hreppamörk og fjallskilamörk þurfi að sjálfsögðu ekki að fara saman og geri það reyndar sjaldnast.

Málsástæður og lagarök Hraunhrepps.

Lögmaður varnaraðilja bendir á, að í afsali til Hraunhrepps fyrir afréttarlandinu frá 27. júní 1919 segi, að sýslunefnd hafi ekkert haft við söluna að athuga. Undanskilin hafi þó verið námuréttindi, fossafl og varp og veiði í Hítarvatni, en veiðirétt fyrir afréttarlandinu hafi Hraunhreppur leyst til sín nokkru eftir 1950. Ekki sé þess getið í afsalinu, hverja sýslunefnd sé átt við, en væntanlega muni átt við sýslunefnd Mýrasýslu. Samkvæmt þessu sé ljóst, að Kolhreppingar hafi hvorki sóst eftir landsvæði þessu né talið sig eiga neinn rétt til þess, svo sem upprekstrarrétt, þar sem salan hafi ekki sætt neinum mótmælum af þeirra hálfu og forkaupsréttar eigi verið krafist. Jafnvel þótt sannað væri, að einhver mótmæli hafi komið fram á árinu 1919, hafi þeim á engan hátt verið fylgt eftir, en Hraunhreppur hafi frá þeim tíma skilyrðislaust verið eigandi landsvæðisins. Hafi hreppurinn nytjað landið eftir geðþótta og farið með það að öllu leyti sem sína eign, þar á meðal þinglýst landamerkjum á árinu 1924. Verði þess vegna að telja, að hreppamörk séu nú eftir 50 ár með þeim hætti sem Hraunhreppur geri kröfu til, þótt ekkert annað kæmi til en unnin hefð og það jafnt þótt hreppamörk hafi til forna verið á þá leið, sem sóknaraðili haldi fram, en því sé eindregið mótmælt. Landsvæðið hafi alla tíð, síðan hreppurinn keypti það, verið metið með ábýlisjörðum í Hraunhreppi til fasteignamats, en ekki í Kolbeinsstaðahreppi. Kolbeinsstaðahreppur hafi aldrei lagt nein opinber gjöld á þessa landareign fyrir en á árinu 1972. Í fasteignamati 1942 séu Hróbjargarstaðir og Hítardalsvellir metnir sem afréttarland í Kolbeinsstaðahreppi, en ekki Vatnshlíð eða Hítarvatn. Sé greinilegt, að á þeim tíma hafi Kolhreppingar litið svo á, að umrætt afréttarland væri ekki innan Kolbeinsstaðahrepps.

Þá telur lögmaður varnaraðilja, að eldri heimildir en Jarða-

bók Árna Magnússonar og Páls Vídalín hafi lítið gildi sem sönnunargögn í máli þessu, og mótmælir þeim ályktunum, sem sóknaraðili dregur af þeim. Hann telur sóknaraðilja fara villan vegar, þegar hann telji býlin fyrir botni Hítardals, Gínanda og Bjúgskot, hafa átt eðlilegri samleið með Kolbeinsstaðahreppi en Hraunhreppi. Býlið Hólmur, sem minnst sé á í Jarðabók Arna og Páls, hafi verið í byggð á svipuðum tíma og nefnd býli. Enginn vafi sé á því, að Hólmur hafi tilheyrt Hraunhreppi eins og Hítardalsstaður sjálfur, enda fornt eyðibýli úr staðarins landi. Hafi því Gínandi og Bjúgskot frekar átt samleið með Hraunhreppi en Kolbeinsstaðahreppi. Engar heimildir hafi sóknaraðili fært fram fyrir þeirri fullyrðingu sinni, að Hólmsland hafi fljótlega gengið undan Hítardalsjörð, enda gangi sú fullyrðing í berhögg við jarðabókina. Enn fremur komi það skýrt fram í riti Guðlaugs Jónssonar, að Tjaldbrekka sé byggð úr Hítardalslandi. Hafi jörð þessi verið í byggð í full 50 ár og ávallt verið talin til Hraunhrepps, á meðan hún var í byggð. Hnekki það verulega forsendum þeim, sem sóknaraðili byggði á, og megi einnig benda á, að í Jarðabók Erichsen sé Bjúgskot sagt vera „i Dalen som gaar frem fra staden Hitterdal“. Einnig sé rétt að benda á, að samkvæmt Jarðabók Arna og Páls eigi Kolbeinsstaðahreppur engan afrétt, svo menn viti, en brúki upprekstur fyrir lömb og geldfé í fjöllin milli Hítardals og Hnappadals í lönd þeirra jarða, er þar liggja, „bæði sunnan, neðan og utan“, og því fé safnað til Kaldárþakkaréttar í Hraunsmúlalandi.

Varnaraðili mótmælir því, að í fyrrgreindri matsgerð varðandi girðingu á afréttarmörkum sé viðurkenning af hálfu Hraunhrepps á þá leið, að Vatnshlíðin sé vestan hreppamarka Hraunhrepps. Með tilvitnun til 6. gr. laga nr. 10/1965 beri matsgerð þessi þvert á móti með sér, að bæði hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps og sýslunefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu viðurkenni hreinlega, að hreppamörk séu þau hin sömu og varnaraðili geri kröfu til. Sýslumennirnir hafi tilnefnt hvor sinn mann og stjórn Búnaðarfélags Íslands oddamann, en það eigi þeir aðeins að gera, ef væntanleg girðing liggja á mörkum lögsagnarumdæma. Sé viðurkennt, að sýslumörkin liggja á þessum stað, hljóti hreppamörkin að vera þar einnig. Báðir aðiljar hafi samþykkt nefndarskipunina og það þótt formaður nefndarinnar hafi bent á hugsanlega vankanta.

Varnaraðili telur, að út af fyrir sig verði ekkert ráðið af landa-
bréfum. Þau séu jafnmikils virði og þeir heimildarmenn, sem

kortagerðarmenn hafi fengið upplýsingar frá. Ekkert liggi fyrir um áreiðanleika framlagðra korta að þessu leyti.

Loks telur varnaraðili, að sýkna beri vegna aðildarskorts sóknaraðilja. Bæði verði sýslan sem slík að gera sjálfstæðar kröfur og auk þess heyri undir félagsmálaráðuneyti að taka ákvörðun um hreppamörk.

Niðurstaða dómsins.

Dómurinn lítur svo á, að hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps sé réttur sóknaraðili þessa máls. Bæði sýslunefnd Mýrasýslu og Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hafa látið gæta réttar síns í málinu.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín um Hnappadalssýslu, sem gerð var 21. og 22. júní að Staðarhrauni í Hraunhreppi árið 1709 og 25. og 26. s. m. að Hítardal að samankölluðum almúganum „um sérhverja jörð“, eru eyðibýlin, Bjúgskot og Gínandi, lengst fram í Hítardal, bæði talin til Kolbeinsstaðahrepps. Sama máli gegnir um Jarðabók Skúla fógeta Magnússonar 1760—1769 svo og Jarðabók Ludvig Erichsen 1804—1806.

Á uppdrætti þeim, er fylgdi Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá 1772, eru hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps dregin um Hítarvatn. Á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar, sem mældur var um eða fyrir miðja 19. öld og gefinn út 1875, er hreppamarkalínan enn fremur dregin um Hítarvatn og upp úr dalbotninum. Sama máli gegnir og um uppdrætti Herforingjaráðsins, er upphaflega voru gefnir út 1911 og endurskoðaðir 1953. Svo og á uppdrætti þeim, er „War Office“ gaf út 1940 eftir dönskum uppdrætti frá 1933.

Samkvæmt öllum þessum gögnum, sem eru opinber skjöl, verður að telja nægilega sannað, að hreppamarkalínan milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps hafi legið um Hítarvatn og upp dalbotninn.

Tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 (Tíðindi um stjórnarmálefni, III., bls. 402) heimilar landshöfðingja að breyta hreppaskipan að fengnu samþykki viðkomandi hreppsnefnda og álitsgerð sýslunefndar, en hún geymir ekki önnur ákvæði um hreppa- eða sýslumörk. Með sveitarstjórnarlögum frá 10. nóvember 1905 verður að telja, að lögleidd hafi verið sú hreppa- og sýslnaskipan ásamt mörkum þessara umdæma, er talin var rétt við gildistöku laganna, án tillits til þess, hvort sú skipan hefði áður verið staðfest með lagasetningu eða stjórn-

valdsákvörðun eða ekki, því að í 1. gr. þeirra laga segir svo: „Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.“

Engar heimildir liggja fyrir um það, að hreppamörkum Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps hafi verið breytt síðar, sbr. bréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 7. apríl 1978, enda hefði til þess þurft lagasetningu að því er sýslumörkin varðar, sbr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóvember 1905 og síðar 2. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 31. maí 1927 og nú 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 29. mars 1961.

Þá ber einnig að hafa í huga, að merki þessi falla vel að náttúrulegum aðstæðum á þessum slóðum og eru því í samræmi við hugmyndir manna, bæði fyrr og síðar, um það, hvernig náttúrulegar aðstæður greini á milli sveita og héraða.

Stofnun býlisins Tjaldbrekku við innanvert Hítarvatn megnar ekki að breyta framangreindum hreppamörkum, enda ekki einu sinni vitað um merki býlisins. Sama máli gegnir um afsal landsjóðs frá 27. júní 1919 til Hraunhrepps á afréttarlandinu, fjalllendi Hítardals, þar sem engra landamerkjia er getið. Síðari afréttarnot Hraunhrepps af fjallendi þessu eða innlausn hreppsins á veiðiréttindunum leiða heldur ekki til þess, að hreppamörk hafi breyst fyrir hefð, eins og haldið er fram af hálfu Hraunhrepps, enda er hér um stjórnarfarsleg mörk að ræða, sem falla utan sviðs hefðarlaga nr. 46 frá 10. nóvember 1905.

Ekki verður heldur fallist á, að orð og athafnir í sambandi við störf fyrrgreindrar matsnefndar samkvæmt 6. gr. girðingarlaga nr. 10 25. mars 1965 breyti framangreindum mörkum milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir mega taka kröfur sóknaraðiljans um hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps til greina.

Eins og mál þetta er vaxið og samkvæmt heimild í 178. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málskostnaður sóknaraðilja, Kolbeinsstaðahrepps, ákveðst kr. 847.840 og greiðist úr ríkissjóði.

Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni sóknaraðilja, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 600.000 í talsmannslaun.

Málsvarnarlaun Hraunhrepps ákveðast kr. 685.620 og greiðast úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni Hraun-

hrepps, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 600.000 í talsmannslaun.

Með úrskurði, uppkveðnum 27. júní 1975, vék Friðjón Þórðarson, þáverandi sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sæti í máli þessu.

Hinn 17. október 1975 var Magnús Thoroddsen borgardómari skipaður setudómari í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu til þess að fara með mál þetta. Hefur hann dæmt þetta mál ásamt meðdómsmönnum dr. Gauki Jörundssyni prófessor og Lýði Björnssyni sagnfræðingi.

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu. Stafar hann af önnum dómenda svo og því, að mál þetta er viðamikið og vandasamt.

Dómsorð:

Staðfest er með dómi réttarins, að hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps séu sem hér segir: Frá ósi (upptökum) Hítarár úr Hítarvatni eftir miðlínu vatnsins — (miðjum ál milli bakka), — í ós ár þeirrar, er kallast Þröskuldardalsá og fellur í vatnið sunnan eða austan við Tjaldbrekku, og því næst eftir dalbotninum svo sem á þessi rennur, þar til í hana fellur gil úr vestanverðum Svínbjúg, sem gömul umferðarleið vestur í Hörðudal liggur meðfram, fylgi þá merkin gili þessu upp á vatnaskil á Bjúgnum, þar til þau koma að löndum eða afréttum Hörðdæla.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðilja, Kolbeinsstaðahrepps, kr. 847.840, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni sóknaraðilja, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 600.000 í talsmannslaun.

Gjafvarnarkostnaður varnaraðilja, Hraunhrepps, kr. 685.620, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni varnaraðilja, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 600.000 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.